



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2014 og 2015

2016

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á árunum 2014 og 2015. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2014 og 2015.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um rúmlega 4% milli ára 2014 og 2015. Fjöldi tilkynninga á árinu 2015 var 8.519 tilkynningar, en 8.893 árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði lítið en fækkunin var 12,5% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á árinu 2015 voru vegna vanrækslu eða 37,9% tilkynninga. Hlutfall tilkynninga á árinu 2014 vegna vanrækslu var 39,7%. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 25,6% á árinu 2015, en 22,4% árið á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættu hegðunar barna var 35,9% á árinu 2015, en 37,3% árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædd barns var stefnt í hættu var 0,6% bæði árin. Tilkynningum um vanrækslu fækkaði um 8,5%, tilkynningum um áhættu hegðun barna fækkaði um 7,9%, en tilkynningum um ofbeldi fjölgaði um 9,5%.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 11,5% á árinu 2015, en 11,0% árið á undan. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 7,3% á árinu 2015 en 5,6% árið á undan. Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var svipaður bæði tímabilin, en tilkynningum um ofbeldi þar sem um heimilisofbeldi var að ræða fjölgaði um tæplega 26%.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 44,6% á árinu 2015, hlutfallið var 44,2% árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2015 var 6.988 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 7.191 barn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferð fækkaði um 15,2% á árinu 2015 miðað við árið á undan. Umsóknum um Stuðla fækkaði úr 46 umsóknum í 36 umsóknir, umsóknir um önnur meðferðarheimili (Laugaland, Lækjarbakka og Háholt) fækkaði úr 30 umsóknum í 23 umsóknir og umsóknum um MST fækkaði úr 95 umsóknum í 86 umsóknir. Fjölkorfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglunga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustuvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir um Stuðla og MST voru vegna drengja á árinu 2015 en um langtímameðferðarheimili voru umsóknir fyrir stúlkur fleiri.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði um 16,7% eða úr 120 í 140 milli áranna 2014 og 2015. Beiðnum fjölgaði mest um styrkt fóstur. Flestar beiðnir voru frá Reykjavík bæði árin og fjölgaði beiðnum mest þar. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi á árinu 2015.

Í Barnahúsi fjölgaði rannsóknarviðtölum úr 221 á árinu 2014 í 240 á árinu 2015 eða um 8,6%. Skýrslutökum fjölgaði úr 77 í 126 milli ára en könnunarviðtölum fækkaði úr 144 í 114. Greiningar- og meðferðarviðtölum fækkaði úr 141 viðtali í 115 viðtöl. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 68,3% á árinu 2015, en 67,4% árið á undan. Frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 176 á árinu 2015 en 163 árið á undan. Vistunum fjölgaði því um 8,0% milli ára. Vistunardögum fjölgaði úr 1.102 í 1.159 eða um rúmlega 5%. Fjöldi einstaklinga var 84 börn á árinu 2015 en 81 barn árið á undan og voru fleiri drengir bæði árin.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 59 á árinu 2015 en 61 árið á undan. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	4.003	45,0	3.948	46,3
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	42	0,5	38	0,5
Barnavernd Kópavogs	767	8,6	791	9,3
Fjölskylduráð Garðabæjar	263	3,0	265	3,1
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	836	9,4	876	10,3
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	517	5,8	479	5,6
Fjölskylduráð Grindavíkur	78	0,9	42	0,5
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	288	3,2	226	2,7
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	183	2,1	151	1,8
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	179	2,0	164	1,9
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	39	0,4	45	0,5
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	204	2,3	127	1,5
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	11	0,1	7	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	17	0,2	24	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	76	0,9	60	0,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	18	0,2	33	0,4
Barnaverndarnefnd Útey	74	0,8	43	0,5
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	368	4,1	447	5,2
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	88	1,0	71	0,8
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	97	1,0	62	0,7
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	55	0,6	54	0,6
Félagsmálanefnd Árborgar	225	2,5	158	1,9
Velferðarnefnd Árnesþings	79	0,9	47	0,6
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	56	0,6	65	0,8
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	115	1,3	146	1,7
Samtals	8.893	100,0	8.519	100,0

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum


Kyn	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	4.924	55,4	4.512	53,0
Stúlkur	3.926	44,1	3.961	46,5
Ekki vitað ¹	43	0,5	46	0,5
Samtals	8.893	100,0	8.519	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði ¹	6.094	68,5	6.069	71,2
Landsbyggð	2.799	31,5	2.450	28,8
Samtals	8.893	100,0	8.519	100,0

¹Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsahreppur.



Fjöldi barna sem tilkynnt var um¹

Barnaverndarnefnd	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	3.086	42,9	3.032	43,4
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	36	0,5	38	0,5
Barnavernd Kópavogs	647	9,0	681	9,8
Fjölskylduráð Garðabæjar	220	3,1	230	3,3
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	726	10,1	771	11,0
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	429	6,0	402	5,8
Fjölskylduráð Grindavíkur	68	0,9	38	0,5
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	205	2,9	198	2,8
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	147	2,0	129	1,9
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	143	2,0	127	1,8
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	37	0,5	40	0,6
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	159	2,2	105	1,5
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	10	0,1	6	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	16	0,2	24	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	47	0,7	52	0,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	16	0,2	29	0,4
Barnaverndarnefnd Útey	74	1,0	43	0,6
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	320	4,5	390	5,6
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	89	1,2	50	0,7
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	78	1,1	65	0,9
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	81	1,1	55	0,8
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	46	0,6	50	0,7
Félagsmálanefnd Árborgar	202	2,8	145	2,1
Velferðarnefnd Árnesþings	72	1,0	47	0,7
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	50	0,7	59	0,8
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	98	1,4	113	1,6
Samtals	7.191	100,0	6.988	100,0

¹ Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.947	54,9	3.719	53,2
Stúlkur	3.219	44,8	3.234	46,3
Ekki vitað ¹	25	0,3	35	0,5
Samtals	7.191	100,0	6.988	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði ¹	4.862	67,6	4.881	69,8
Landsbyggð	2.329	32,4	2.107	30,2
Samtals	7.191	100,0	6.988	100,0

¹ Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarshreppur.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	4.906	68,2	4.961	71,0
Drengir	2.531	51,6	2.527	50,9
Stúlkur	2.347	47,8	2.402	48,4
Ekki vitað ²	28	0,6	32	0,6
Þar af nýjar kannanir	2.507	34,9	2.622	35,7
Drengir	1.270	51,7	1.317	50,2
Stúlkur	1.212	48,3	1.281	48,9
Ekki vitað ²	25	1,0	24	0,9

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Ástæður tilkynninga


Ástæður tilkynninga	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	3.531	39,7	3.232	37,9
<i>Drengir</i>	1.787	20,1	1.663	19,5
<i>Stúlkur</i>	1.744	19,6	1.569	18,4
Líkamleg vanræksla	233	2,6	188	2,2
<i>Drengir</i>	133	1,5	102	1,2
<i>Stúlkur</i>	100	1,1	86	1,0
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.816	31,7	2.599	30,5
<i>Drengir</i>	1.429	16,1	1.331	15,6
<i>Stúlkur</i>	1.387	15,6	1.268	14,9
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	981	11,0	976	11,5
<i>Drengir</i>	496	5,6	488	5,7
<i>Stúlkur</i>	485	5,5	488	5,7
Vanræksla varðandi nám	162	1,8	176	2,1
<i>Drengir</i>	89	1,0	94	1,1
<i>Stúlkur</i>	73	0,8	82	1,0
Tilfinningaleg vanræksla	478	5,4	406	4,8
<i>Drengir</i>	226	2,5	207	2,4
<i>Stúlkur</i>	252	2,8	199	2,3
Ofbeldi	1.994	22,4	2.183	25,6
<i>Drengir</i>	919	10,3	1.000	11,7
<i>Stúlkur</i>	1.075	12,1	1.183	13,9
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	1.057	11,9	1.198	14,1
<i>Drengir</i>	516	5,8	586	6,9
<i>Stúlkur</i>	541	6,1	612	7,2
þar af heimilisofbeldi	497	5,6	625	7,3
<i>Drengir</i>	254	2,9	313	3,7
<i>Stúlkur</i>	243	2,7	312	3,7
Líkamlegt ofbeldi	471	5,3	490	5,8
<i>Drengir</i>	266	3,0	279	3,3
<i>Stúlkur</i>	205	2,3	211	2,5
Kynferðislegt ofbeldi	449	5,0	451	5,3
<i>Drengir</i>	133	1,5	127	1,5
<i>Stúlkur</i>	316	3,6	324	3,8

Áhættuhegðun barna	3.318	37,3	3.055	35,9
<i>Drengir</i>	2.217	24,9	1.858	21,8
<i>Stúlkur</i>	1.101	12,4	1.197	14,1
Neysla barns á vímuefnum	609	6,8	551	6,5
<i>Drengir</i>	380	4,3	333	3,9
<i>Stúlkur</i>	229	2,6	218	2,6
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.373	15,4	1.171	13,7
<i>Drengir</i>	840	9,4	614	7,2
<i>Stúlkur</i>	533	6,0	557	6,5
Afbrot barns	894	10,1	781	9,2
<i>Drengir</i>	657	7,4	515	6,0
<i>Stúlkur</i>	237	2,7	266	3,1
Barn beitir ofbeldi	369	4,1	420	4,9
<i>Drengir</i>	300	3,4	334	3,9
<i>Stúlkur</i>	69	0,8	86	1,0
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	172	1,9	201	2,4
<i>Drengir</i>	91	1,0	99	1,2
<i>Stúlkur</i>	81	0,9	102	1,2
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	50	0,6	49	0,6
Tilkynningar alls	8.893	100,0	8.519	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	303	100,0	429	100,0
<i>Drengir</i>	150	49,5	209	48,7
<i>Stúlkur</i>	153	50,5	220	51,3
<i>Ekki vitað³</i>	0	0,0	0	0,0

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna



Tilkynnendur

Tilkynnendur	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	45	0,5	39	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	574	6,5	459	5,4
Nágrannar	648	7,3	463	5,4
Önnur barnaverndarnefnd	190	2,1	186	2,2
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	274	3,1	255	3,0
Lögregla	3.929	44,2	3.802	44,6
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	923	10,4	990	11,6
Leikskóli/gæsluforeldri	178	2,0	173	2,0
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	813	9,1	902	10,6
Foreldrar barns	715	8,0	653	7,7
Aðrir	604	6,8	597	7,0
Samtals	8.893	100,0	8.519	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	46	26,9	36	24,8
Önnur meðferðarheimili*	30	17,5	23	15,9
MST	95	55,6	86	59,3
Samtals	171	100,0	145	100,0

* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt

Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	17	37,0	11	30,6
Nágrenni Reykjavíkur ¹	16	34,8	12	33,3
Landsbyggð	13	28,3	13	36,1
Samtals	46	100,0	36	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um önnur meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	14	46,7	12	52,2
Nágrenni Reykjavíkur ¹	7	23,3	7	30,4
Landsbyggð	9	30,0	4	17,4
Samtals	30	100,0	23	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	2014		2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	38	40,0	39	45,3
Nágrenni Reykjavíkur ¹	33	34,7	22	25,6
Eldra þjónustusvæði ²	24	25,3	14	16,3
Nýtt þjónustusvæði ³	-	-	11	12,8
Samtals	95	100,0	86	100,0

¹ Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

² Eldra þjónustusvæði (60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík)

³ Nýtt þjónustusvæði (í febrúar 2015 var byrjað að þjónusta allt landið)

Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á Stuðlum

Kyn	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	31	67,4	20	55,6
Stúlkur	15	32,6	16	44,4
Samtals	46	100,0	36	100,0

Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á öðrum meðferðarheimilum

Kyn	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	20	66,7	11	47,8
Stúlkur	10	33,3	12	52,2
Samtals	30	100,0	23	100,0

Kyn barna þar sem sótt er um MST

Kyn	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	49	51,6	46	53,5
Stúlkur	46	48,4	40	46,5
Samtals	95	100,0	86	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	82	68,3	93	66,4
Varanlegt	21	17,5	19	13,6
Styrkt	17	14,2	28	20,0
Samtals	120	100,0	140	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	47	39,2	58	41,4
Nágrenni Reykjavíkur ¹	28	23,3	33	23,6
Landsbyggð	45	37,5	49	35,0
Samtals	120	100,0	140	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	55	45,8	73	52,1
Stúlkur	65	54,2	67	47,9
Samtals	120	100,0	140	100,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	2014	2015
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	221	240
a. Skýrslutökur	77	126
b. Könnunarviðtöl	144	114
Greiningar- og meðferðarviðtöl	141	115
Læknisskoðanir ¹	15	11

¹Læknisskoðanir í Barnahúsi féllu niður frá 1. maí til 15. október 2014 vegna breytinga hjá Barnahúsi

Kyn barna í Barnahúsi¹

Kyn	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	72	32,6	76	31,7
Stúlkur	149	67,4	164	68,3
Samtals	221	100	240	100,0

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Neyðarvistun á Stuðlum¹

	2014*	2015
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	163	176
Vistunardagar	1.102	1.159
Fjöldi einstaklinga	81	84

¹Frá júlí fram í desember 2014 fækkaði rýmum í neyðarvistun úr fimm í þrjú m.a. vegna breytinga á neyðarvistun.

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	48	59,3	47	56,0
Stúlkur	33	40,7	37	44,0
Samtals	81	100,0	84	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	2014		2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	28	45,9	30	50,8
Vesturland	3	4,9	4	6,8
Vestfirðir	3	4,9	2	3,4
Norðurland	12	19,7	4	6,8
Austurland	2	3,3	1	1,7
Suðurland	5	8,2	8	13,6
Reykjanes	7	11,5	8	13,6
Fólk búsett erlendis	1	1,6	2	3,4
Samtals	61	100,0	59	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.